

## REGLUGERÐ

### um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit hrossa.

#### I. KAFLI

##### Almennt.

##### 1. gr.

*Tilgangur, markmið og gildissvið.*

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja góðan aðbúnað hrossa og að þau hafi ætíð nægilega beit/fóður og vatn. Einnig að notkun á hrossum sé í samræmi við þrek þeirra og þol og að þau fái góða meðferð að öðru leyti.

Reglugerð þessi gildir um öll hross, hvort sem þau eru haldin í atvinnuskyni, svo sem á ræktunarbúum, tanningastöðvum, hestaleigum og reiðskólum, eða til nota í frístundum.

##### 2. gr.

*Orðskýringar.*

1. *Aðbúnaður*, er húsakostur og/eða skjól.
2. *Umhirða hrossa*, er fóðrun, beitarstýring, eftirlit með holdafari og heilbrigði og hirðing á feldi, hófum og tönnum.
3. *Tanningastöð*, er staður þar sem hross eru tamin eða þjálfuð gegn gjaldi.
4. *Reiðskóli*, er staður þar sem fram fer kennsla í reiðmennsku gegn gjaldi.
5. *Hestaleiga*, er staður þar sem hross eru leigð til útreiða gegn gjaldi.

##### 3. gr.

*Yfirstjórn og eftirlit.*

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem reglugerð þessi tekur til. Landbúnaðarstofnun er ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis og hefur undir sinni stjórn dýralækni hrossasjúkdóma.

Dýralæknir hrossasjúkdóma skal með störfum sínum stuðla að góðri meðferð og heilbrigði hrossa í samvinnu við dýralækna, ráðunauta, búfjárefirtirlitsmenn, Umhverfisstofnun og hrossaeigendur. Hann skal með rannsóknum, almennri fræðslu og leiðbeiningarstarfi auka skilning á hrossasjúkdómum, vinna að vörnum gegn þeim og gera árlega skrá um tíðni hrossasjúkdóma, í samvinnu við dýralækna.

Héraðsdýralæknar og búfjárefirtirlitsmenn hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt, sbr. ákvæði reglugerðar um búfjárefirtirlit nr. 743/2002.

Hver sá sem verður var við að eiganda eða umráðamann hrossa skorti fóður, beit, vatn eða viðeigandi aðbúnað fyrir hross sín, hann vanhirði þau eða beiti þau harðýðgi, skal tilkynna það héraðsdýralækni. Berist slíkar upplýsingar til dýralæknis, búfjárefirtirlitsmanns, bún- aðarsambands eða lögreglu skal tilkynna það viðkomandi héraðsdýralækni samdægurs. Héraðsdýralæknir skal þá innan tveggja sólarhringa fara á staðinn og meta ástand hrossanna og aðbúnað. Að öðru leyti fer um mál skv. 4. mgr. eftir ákvæðum 16. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

**II. KAFLI****Umhirða.**

## 4. gr.

*Fóðrun og beit.*

Hross skulu ávallt hafa nægan aðgang að hreinu og ómenguðu drykkjarvatni. Fóður skal að magni, gæðum og næringarinnihaldi fullnægja þörfum hrossa til vaxtar, viðhalds og notkunar.

Hross skulu hafa aðgang að beit í a.m.k. tvo mánuði samfellt á tímabilinu 1. maí til 1. október.

Hross skulu alla jafna ekki vera grennri en sem nemur reiðhestsholdum (holdastig 3). Að öðrum kosti skulu þau njóta hvíldar og/eða sérstakrar umhirðu. Við mat á holdafari hrossa skal farið eftir c-lið viðauka I við reglugerðina, um holdastigun.

Forðast skal allar snöggar fôðurbreytingar og aðeins nota óskemmt fóður. Hvort sem fôðrað er utandyra eða innan, skal þess gætt að undirlag sé þurrt og laust við taðmengun.

Hross skulu hafa aðgang að fôðri a.m.k. tvisvar á sólarhring. Óheimilt er að hafa hross án fôðurs lengur en 14 klst. og án drykkjarvatns lengur en fjórar klst. Fólaldshryssur er óheimilt að hafa án vatns og fôðurs lengur en tvær klst. Eftir notkun skulu hross ávallt hafa aðgang að nægu drykkjarvatni.

## 5. gr.

*Hirðing og heilbrigðiseftirlit.*

Eigandi eða umráðamaður skal fylgjast með holdafari og heilbrigði hrossa í hans eigu/umsjá og leita lækninga ef með þarf. Hann skal koma í veg fyrir að ormasmit nái að magnast upp með beitarstjórnun og ormalyfjagjöf. Gefa skal ormalyf a.m.k. einu sinni á ári. Halda skal hrossum hreinum, verja þau ytri óværu, snyrta hófa og raspa tennur eftir þörfum.

Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að hross sé haldið alvarlegum eða áður óþekktum smitsjúkdómi er skylt að tilkynna það héraðsdýralækni þegar í stað.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um merkingar nr. 289/2005 er eigandi eða umráðamaður ábyrgur fyrir að sjúkdómar í hrossi á hans vegum og meðhöndlun þeirra sé skráð, sem og fyrirbyggjandi aðgerðir. Dýralæknum er skylt í lok hverrar vitjunar að skrá á viðurkenndan hátt upplýsingar um sjúkdómsgreiningu, meðhöndlun og lyfjanotkun. Einnig skal skrá leiðbeiningar um framhaldsmeðferð, nýtingu afurða og takmarkanir á þátttöku í sýningu og keppni. Upplýsingarnar skulu ávallt vera aðgengilegar Landbúnaðarstofnun og eiganda.

Að vetri skal fylgjast daglega með hrossum á útigangi, en vikulega með hrossum í heimahögum að sumri. Umráðamenn stóðhesta skulu hafa daglegt eftirlit með stóðhestagirðingum.

Hross á húsi skulu fá hreyfingu eða aðra útivist í a.m.k. klukkustund á dag, nema sjúkdómar eða veður hamli. Óheimilt er að halda hross ein á húsi.

## 6. gr.

*Notkun.*

Álag á hross má aldrei vera meira en þrek þeirra leyfir. Eingöngu skal nota heilbrigð hross til reiðar, burðar eða dráttar.

Hross skulu járnúð ef hætta er á að hófar slitni til skaða við notkun eða rekstur. Þess skal gætt að hvíla hross reglulega á ferðalögum og að þeim sé ekki ofgert.

Þess skal gætt að reiðtygi passi vel og valdi ekki sárum eða öðrum skaða.

## 7. gr.

*Skráning dagbókar.*

Halda skal dagbók um notkun og umhirðu hrossa á hestaleigum, tamningastöðvum og í reiðskólum. Dagbókin skal aðgengileg eftirlitsaðilum skv. reglugerð þessari hvenær sem þurfa þykir.

## III. KAFLI

**Aðbúnaður.**

## 8. gr.

*Hesthús og innréttingar.*

Innréttingar og annar útbúnaður hesthúsa skulu vera þannig að ekki skapist hætta á að hross verði fyrir meiðslum eða heilsutjóni. Frágangur dyra og ganga skal vera þannig að fljótlegt sé að rýma þau í neyðartilvikum. Stíuveggir skulu vera þannig gerðir að ekki skapist hætta á að fætur eða höfuð festist. Bil undir milligerði í stíum skal ekki vera meira en 4 cm.

Innréttingar skulu vera þannig gerðar að hross geti séð önnur hross á húsi. Í byggingar og innréttingar skal nota efni sem auðvelt er að þrifa og sóthreinsa. Óheimilt er að nota hvers konar hættuleg og heilsuspillandi efni.

Gólf skulu vera með stömu yfirborði sem auðvelt er að þrifa. Steypt gólf í básum skulu klædd gúmmimottum eða öðru mjúku efni. Þar sem ekki er hreinsað daglega skal borið undir hrossin til að koma í veg fyrir bleytu og hálfu. Ganga skal frá niðurföllum þannig að þau valdi ekki slysum eða óþægindum.

Stíur skulu vera svo stórar að hestur/hestar geti auðveldlega legið og snúið sér innan hennar.

Básar skulu einungis notaðir tímabundið fyrir hvert hross. Básar og stíur skulu uppfylla kröfur um lágmarksstærðir sem fram koma í a-lið viðauka I við reglugerð þessa.

## 9. gr.

*Loftræsting.*

Loftræsting skal vera góð og koma skal í veg fyrir dragsúg í húsum, en loftskipti eiga að vera næg til að magn skaðlegra loftegunda sé að jafnaði innan viðurkenndra hættumarka sbr. b-lið viðauka I við reglugerð þessari.

Hita og rakastigi skal haldið jöfnu og innan þeirra marka sem tilgreind eru í b-lið viðauka I.

Óheimilt er að hafa hross í stöðugum hávaða og skal hljóðstyrkur vera innan þeirra marka sem um getur í b-lið viðauka I við reglugerð þessa.

## 10. gr.

*Birta og lýsing.*

Á hesthúsum skulu vera gluggar sem tryggja að þar gæti dagsbirtu. Önnur lýsing skal vera næg svo að ávallt sé hægt að fylgjast með hrossunum. Glugga, ljós og rafmagnsleiðslur skal verja þannig að ekki valdi slysum.

## 11. gr.

*Gerði og girðingar.*

Gerði við hesthús skal að lágmarki vera 100 fermetrar. Óheimilt er að nota gaddavír og háspenntar rafgirðingar í gerði. Afrennsli skal vera gott þannig að ekki myndist svað og skipta skal um yfirborðslag eftir þörfum.

Girðingar skulu vera traustar og þannig gerðar að þær valdi ekki slysum.

Forðast skal að nota ristahlið á girðingar umhverfis hrossahólf eða þar sem umferð hrossa er mikil. Um hrossagirðingar fer að öðru leyti eftir ákvæðum reglugerðar nr. 748/2002 um girðingar, sbr. 13. og 14. gr.

12. gr.

*Skjól i hrossahögum.*

Hross sem ganga úti frá 1. október til 1. júní skulu geta leitað skjóls fyrir veðri og vindum. Þar sem fullnægjandi náttúruleg skjól eru ekki fyrir hendi skulu hross hafa aðgang að manngerðum skjólveggjum sem ganga í þrjár stefnur eða mynda með öðrum hætti skjól úr öllum áttum. Hver skjólveggur skal vera að lágmarki 2,5 m á hæð og 4 m á lengd eða svo stór að öll hross hjarðarinnar fái notið skjóls. Skjólveggirnir skulu traustlega byggðir þannig að þeir valdi ekki slyshættu né hræðslu hjá hrossunum. Eftirlitsaðilar skv. 3. mgr. 3. gr. fylgjast með því að skilyrði 1. mgr. séu uppfyllt.

Umhverfi, hönnun og viðhald húsa og skýla skal vera þannig að ekki valdi slysum og gripir haldist hreinir.

13. gr.

*Umhverfi.*

Frágangi taðþróa og haughúsa skal þannig háttað að ekki valdi mengun umhverfis eða hættu fyrir menn og skepnur, sbr. reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns o.fl.

IV. KAFLI

**Gildistaka o.fl.**

14. gr.

*Refsiákvæði og gildistaka.*

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 18. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 132/1999.

15. gr.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Hesthús sem innréttuð eru fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, eða sem hlotið hafa samþykki byggingaryfirvalda fyrir gildistöku hennar eru undanþegin ákvæðum a-liðar viðauka I um stíu- og básastærðir og ákvæðum 11. gr. um lágmarksstærð gerða. Um þau gilda áfram ákvæði eldri reglugerðar nr. 132/1999 hvað þær stærðir varðar.

*Landbúnaðarráðuneytinu 16. febrúar 2006.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## VIÐAUKI I

**A. Básastærðir og rými í stíum (lágmarksmál).***Básar þar sem hross eru bundin:*

|        |        |
|--------|--------|
| Lengd  | 165 sm |
| Breidd | 110 sm |

Stíustærð/rýmisþörf í stíu, lágmarksmál á hvert hross. Í stíu má skemmsta hlið ekki vera styttri en 150 sm fyrir hross yngri en fjögurra vetra, en eigi styttri en 180 sm fyrir hross fjögurra vetra og eldri. Stíur skulu ekki vera minni að flatarmáli en hér segir:

|   |                    |
|---|--------------------|
| Hross, fjögurra vetra og eldri            | 4,0 m <sup>2</sup> |
| Fólöld og tryppi, yngri en fjögurra vetra | 3,0 m <sup>2</sup> |

**B. Loftræsting o.fl.**

Magn eftirtalinna loftegunda skal að jafnaði ekki vera meira en hér segir:

|                                      |          |
|--------------------------------------|----------|
| Ammóníak (NH <sub>3</sub> )          | 10 ppm   |
| Koltvísýringur (CO <sub>2</sub> )    | 3000 ppm |
| Brennisteinsvetni (H <sub>2</sub> S) | 0,5 ppm  |

Við hönnun loftræstikerfis skal leitast við að lofthraði umhverfis hrossin fari ekki yfir 0,2 m/sek.

Rakastig í einangruðum húsum skal ekki fara yfir 80%.

Rakastig í óeinangruðum húsum skal að jafnaði ekki fara umfram 10% þess sem er úti.

Hljóðstyrkur skal að jafnaði ekki fara yfir 65 dB (A).

**C. Holdstigun.**

| <i>Holdastig</i> | <i>Stutt lýsing</i> | <i>Lengri lýsing</i>  |
|------------------|---------------------|---|
| 1                | Grindhoraður        | Öll rifbein sjást, skinnið er strengt á beinin og hvergi fitu að finna. Mikið gengið á vöðva, makki fallinn, herðar og hryggsúla standa mikið upp úr, lend holdlaus. Hesturinn hengir haus og sýnir lítil viðbrögð við ytra áreiti.<br>Heilsutjón er varanlegt og rétt er að aflífa hross í þessu ásigkomulagi. |
| 1,5              | Horaður             | Flest rifbein sjást. Fastur átöku.<br>Verulega tekið úr hálsi, baki og lend.<br>Hárafar er gróft, strítt og matt.<br>Mikil hætta að hrossið nái sér ekki að fullu.  |
| 2                | Verulega aflagður   | Flest rifbein finnast greinilega, og þau öftustu sjást. Örlítill fita undir húð yfir fremri rifbeinum.<br>Vöðvar teknir að rýrna, tekið úr makka og lend, hálsinn þunnur. Hryggsúla og herðar sjást vel.<br>Hárafar matt og hrossið vansælt.  |
| 2,5              | Fullþunnur          | Yfir tveim-fjórum öftustu rifbeinum er mjög lítil fita, sem gjarnan er föst átöku, nema hrossið sé í bata.<br>Vöðvar í lend, baki og hálsi ekki nægjanlega fylltir.<br>Hrossið er í tæpum reiðhestsholdum og þarf að bæta á sig.  |

| <i>Holdastig</i> | <i>Stutt lýsing</i> | <i>Lengri lýsing</i>   |
|------------------|---------------------|--|
| 3                | Reiðhestshold       | Tvö-fjögur öftustu rifbein finnast greinilega við þreifingu en sjást ekki. Yfir þeim er þunnt og laust fitulag (ca 1 cm). Lendin er ávöl og hæfilega fyllt. Bakið fyllt og jafnt hryggsúlu.<br>Hárafar slétt og jafnt  |
| 3,5              | Ríflegur            | Yfir tveim-fjórum öftustu rifbeinum er gott og laust fitulag. Öftustu rifbein má samt greina.<br>Lend, bak og háls eru fallega vöðvafyllt og fitusöfnun má oft merkja t.d. fyrir aftan herðar.<br>Hrossið er í ríflegum reiðhestsholdum og hefur nokkurn forða til að taka af. |
| 4                | Feitur              | Þykk fita á síðu, rifbein verða ekki greind.<br>Bak mjög fyllt og hryggsúlan oft örlítið sokkin í hold.  |
| 4,5              | Mjög feitur         | Greinileg fitusöfnun í hálsi, aftan við herðar og á lend   |
| 5                | Afmyndaður          | Rifbein finnast alls ekki, fitan mjög þétt átöku.<br>Laut eftir baki og mikil dæld í lend.<br>Keppir og hnyklar af fitu, á síðu, hálsi, lend.  |

*Notkun á skalanum.*

Flest hross fá holdastig á bilinu 2-4. Sé hrossið með holdastig 2 er það í mjög slæmu föðarástandi. Þannig hross þarf að fæða sérstaklega, og getur ekki gengið úti að vetrarlagi nema hafa mjög gott skjól í eða við hús. Holdastig 1 - 2 telst til illrar meðferðar og varða við dýraverndarlög.

Reiðhestshold eru eins og nafnið bendir til hæfileg hold á hesti í brúkun og einnig telst það holdafar viðunandi fyrir útigönguhross að vori. Hins vegar eru reiðhestshold knöpp að hausti eigi hrossið að ganga úti yfir veturinn. Hross sem eru að fara á útigang þurfa síðla hausts að hafa gott fitulag undir húð (holdastig 3,5-4). Það virðist auka kuldaþol þeirra og gerir þau betur í stakk búin að standa af sér illviðri. Æskilegt er að hross séu í ríflegum reiðhestsholdum þegar lagt er upp í ferðalag.

Hafi hrossið holdastig 4 er það orðið vel feitt og því vel undir útigang búíð. Ástæðulaust er að hross séu feitari en svo. Hross sem eru með 5 í holdastig hafa haft óhóflegan aðgang að föðri og telst það ekki góð meðferð enda getur það komið niður á heilsufari þeirra.\*

\*Heimild: Guðrún Stefánsdóttir og Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma.